

brautarinnar. Hins vegar hefur stefnandi staðhæft, að honum hafi eigi verið kunnugt um, að Dráttarbraut Akureyrar h/f ætti v/s Atla.

Þykir með tilliti til þessa svo og annarra ástæðna, er fram hafa komið, að rétmætt hafi verið hjá stefnanda að byggja á því, að stefndi væri tryggingartaki, og verður sýknukrafa stefnda vegna aðildarskorts því eigi tekin til greina.

Samkvæmt þessu þykir rétt að taka kröfu stefnanda til greina að fullu ásamt vöxtum, eins og krafizt er.

Samkvæmt þessum úrslitum þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda kr. 437.75 í málskostnað, eins og krafizt er.

Dómsorð:

Stefndi, Gunnar Jósefsson, Eyrarvegi 31, Akureyri, greiði Stefáni Árnasyni, umboðsmanni Almennra trygginga h/f f. h. félagsins kr. 1040.60 auk 6% ársvaxta frá 17. júlí 1948 til greiðsludags innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að telja.

Stefndi greiði stefnanda kr. 437.75 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 25. september 1950.

Kærumálið nr. 9/1950.

Kauffélag Verkamanna, Akureyri

gegn

**Verkamannafélagi Akureyrarkaupstaðar og
Verkakvennafélaginu Eining.**

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og
próf. Ólafur Jóhannesson í stað hrd. Jó-
natans Hallvarðssonar og hrd. Þórðar Eyj-
ólfssonar.

Frávísunardómur kærður.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Jónsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp hinn kærða dóm.

Með kæru 15. júní þ. á., sem hingað barst 30. s. m., hefur

sóknaraðili kært til Hæstaréttar frávísunardóm bæjarþings Akureyrar, uppkveðinn 15. júní þ. á., í máli sóknaraðilja á hendur varnaraðiljum. Krefst sóknaraðili þess, að frávísunardómurinn verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir héraðsdómarann að taka málið til meðferðar að efni til svo og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðiljar krefjast þess, að hinn kærði frávísunardómur verði staðfestur og að sóknaraðilja verði dæmt að greiða þeim kærumálskostnað eftir mati Hæstaréttar.

Sóknaraðili gerði eigi án ástæðulauss dráttar reka að því að fylgja fram fyrir héraðsdómi dómkröfu þeirri, sem þangað var vísað með dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 8. des. 1948, en hefur nú haft uppi kröfur um sama efni í máli því, er hér liggur fyrir og hann hefur höfðað til staðfestingar lög-bannsgerð, er fram fór 9. maí þ. á. Þar sem svo stendur á, var mál það, sem vísað var heim í hérað með téðum hæstaréttardómi, niður fallið, sbr. lögjöfnun frá 1. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936, og var sóknaraðilja því rétt að höfða mál það, sem héraðsdómari hefur vísað frá dómi.

Samkvæmt þessu ber að fella hinn kærða dóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma varnaraðilja til að greiða sóknaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 400.00.

Dómsorð:

Hinn kærði frávísunardómur er úr gildi felldur, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar.

Varnaraðiljar, Verkamannafélag Akureyrarkaupstaðar og Verkakvennafélagið Eining, greiði sóknaraðilja, Kaupfélagi Verkamanna, Akureyri, kr. 400.00 í kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 15. júní 1950.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 12. þ. m., hefur Kaupfélag Verkamanna, Akureyri, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 11. maí s. l. gegn Verkamannafélagi Akureyrarkaupstaðar og Verkakvennafélaginu Eining.

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að staðfest verði lögbannsgerð, er fram fór hjá hinum stefndu 9. maí s. l. og var á þá leið, að lögbann skyldi lagt við því, að stefndu létu dansleiki fara fram á efri hæð hússins nr. 7 við Strandgötu, hér í bæ. Enn fremur krefst hann málskostnaðar bæði fyrir fógetaréttinum og í staðfestingarmáli þessu í einu lagi eftir framlögðum reikningi eða mati réttarins.

Stefndu hafa hins vegar krafizt þess, að staðfestingarmálinu væri vísað frá dómi, en til vara, að synjað verði um staðfestingu lögbannsins, og að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda.

Þá krefjast stefndu málskostnaðar eftir reikningi eða mati dómara, hvort sem málinu verður vísað frá dómi eða dæmt að efni til.

Stefnandi hefur krafizt þess, að frávisunarkröfunni verði hrundið og honum dæmdur málskostnaður.

Málavextir eru þeir, að með lögbannsbeiðni, dags. 14. apríl 1950, óskaði stefnandi eftir því, að lögbann yrði lagt við því, að stefndu létu dansleiki fara fram á efri hæð hússins nr. 7 við Strandgötu, hér í bæ, án leyfis stefnanda, en til vara var þess krafizt, að lögbann væri lagt við því, að dansleikir væru haldnir í húsinu af öðrum aðiljum en stefndu nema með leyfi stefnanda. Beiðni sína um lögbannið rökstuddi stefnandi á þá leið, að stefndu væri óheimilt að halda dansskemmtanir í húsinu, þar sem það færi í bága við ákvæði kaupsamnings frá 1930, svo og af því, að húsið, sem er gamalt timburhús, sé ekki það traust, að neðri hæðin þoli þann þunga og hristing, er stafar af dansandi fólki á efri hæð hússins, án þess að verða fyrir verulegum skemmdum. Skírskotar stefnandi þar til mats, er fram fór árið 1945, vegna málaferla, er þá urðu út af notkun hússins, og var á þá leið, að ýmsir annmarkar væru á því að nota húsið til dansleikja.

Með úrskurði uppkveðnum í fógetarétti Akureyrar 9. maí s. l. var orðið við beiðni gerðarbeiðanda og lögbann lagt við því, að stefndu í máli þessu létu dansleiki fara fram á efri hæð hússins.

Með stefnu útgefinni 13. sept. 1945 höfðaði stefnandi mál hér fyrir bæjarþinginu á hendur hinum stefndu félögum og hafði þá uppi sem þrautavarakröfu, að stefndu yrðu dæmdir til þess að fullnægja kaupsamningum frá 28. sept. 1930, að því er notkun hússins snertir, og að þeir væru dæmdir til þess að hætta öllum dansleikjum í húsinu og öðru því, sem háreysti er að á svefntíma fólks á nóttunni.

Í máli þessu var lagt dómsorð á þessa kröfu, en með hæstaréttardómi uppkveðnum 8. des. 1948 var dómur og málsmeðferð í héraði ómerkt frá þingfestingu og málinu vísað heim í hérað til meðferðar af nýju.

Við munnlegan flutning málsins hélt stefnandi því fram m. a., að mál þetta væri niður fallið vegna aðgerðarleysis stefnanda. Málflutnings-

maður stefndu mótmælti þessari skoðun og hélt því fram, að þar sem kröfu þessari hefði hvorki verið vísað frá dómi né málið hafið, stæði hún áfram óhöggðu fyrir réttinum.

Ekki eru til nein bein lagafyrirmæli um það, hve langur tími megi liða frá því æðri dómur vísar máli heim í hérað til meðferðar af nýju, og þar til mál falli niður vegna aðgerðarleysis. Þar sem ástæður þær, sem lágu til grundvallar fyrri kröfu stefnanda, virðast ennþá vera óbreyttar, verður ekki talið, að aðgerðarleysi stefnanda eitt geti valdið því, að þingfest krafa hans falli niður.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið sagt, liggur hér fyrir réttinum þingfest krafa, sem inniheldur sams konar kröfu, sem stefnandi vill fá dómsviðurkenningu á í þessu máli. Er þetta andstætt 3. mgr. 104. gr. einkamálagaga nr. 85/1936.

Verður af þessum ástæðum ekki hjá því komizt að vísa málinu frá dómi. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Máli þessu vísast frá dómi.

Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 25. september 1950.

Kærumálið nr. 11/1950.

María Jóelsdóttir

gegn

Akureyrarkaupstað.

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson og
próf. Ólafur Jóhannesson í stað hrd. Jó-
natans Hallvarðssonar og hrd. Þórðar Eyj-
ólfssonar.

Hrundið kröfu um frávísun máls frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Guðmundur Eggerz, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 4. júlí þ. á., sem hingað barst 19. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 108. gr. laga nr. 85/1936 kært úrskurð uppkkveðinn í fógetarétti Akureyrarkaupstaðar 3. júlí þ. á.,